



Burðarás í samkennd og samvinnu Vestfirðinga

Afmælikveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni

Á aldarfjórðungnum sem liðinn er frá því Bæjarins besta hóf göngu sína hafa orðið byltingarkenndar breytingar á fjölmiðlun og allri tækni í samskiptum manna. Veröldin varð nánast að einu þorpi; vitneskjan berst umsvifalaust um fjarlægjar álfur; fréttin verður á örskotsstund sameign allra.

Vestfirskum galdramönnum tókst engu að síður að þróa í þessu umróti nýjan miðil, byggðan í senn á gömlum hefðum blaðaútgáfunnar á Ísafirði og tækifærum sem ný tækni fól í sér.

Þeir fundu frjóan jarðveg fyrir fréttir af fólkinu fyrir vestan, frásagnir af mannlífi, atburðum og merkum verkum – og birtu ítarleg viðtöl um ævihlaup og viðfangsefni íbúa sem farið höfðu víða eða verið allt sitt líf rótfastir í vestfirskum plássum; viðtölin stundum upp á margar síður þegar boðorðið á öðrum miðlum var að stytta og stytta.

Fyrir okkur sem áttum Ísafjörð að æskuslóðum og lifðum áfram í eins konar draumaveröld um lífið og náttúruna fyrir vestan varð Bæjarins besta álíka mikilvægt og CNN fyrir veröldina eða New York Times fyrir Bandaríkin. Í hverri viku var hið veglega blað okkur fagnaðarefni og gerði okkur kleift að vera áfram Vestfirðingar af heilum huga og heitu hjarta – og netvæðingin fól í svo í sér að fjarlægðin varð að engu.

Það er merkilegur vitnisburður um styrkleika áttuganna í þjóðarvitund Íslendinga hve mörg héraðsblaðanna hafa blómstrað á undanförunum áratugum og hve veigamikinn sess þau hafa öðlast þrátt fyrir rekstrarerfiðleika og að oft var á brattann að sækja.

Í þeirri flóru hefur Bæjarins besta verið blómlegur stofn, öðrum hvatning og fordæmi til eftirbreytni. Á þann hátt hefur blaðið og miðlun þess verið þjóðinni allri mikilvægt og um leið burðarás í samkennd og samvinnu Vestfirðinga.